

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2000

frá 10. nóvember 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2000 frá 28. janúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til áætlunarinnar til margra ára um að bæta orkunýtni (SAVE) (1998 til 2002) (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 647/2000/EB)⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 6.

1. gr.

14. gr. í bókun 31 við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi ný málsgrein komi aftan við mgr. 2c:

„2d. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2000 taka þátt í áætlun bandalagsins sem um getur í f-lið 5. mgr. og aðgerðum henni tengdum.“

2. Eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

„f) **32000 D 0674**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 647/2000/EB frá 28. febrúar 2000 um samþykkt áætlunar til marga ára um að bæta orkunýtni (SAVE-áætlunin) (1998 til 2002) (Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 6).“

3. í stað orðanna „a-, b-, c-, d- og e-liður 5. mgr.“ í 3. og 4. mgr. komi „a-, b-, c-, d-, e- og f-liður 5. mgr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner